



Píngeyjarsveit

**E-62: Stórás** (merkt N-14 í matsskýrslu). Áætlað flatarmál efnistöku er 8.000 m<sup>2</sup>, áætlað rúmmál 25.000 m<sup>3</sup>. Ný náma, jökulárset.

**E-63: Stórás** (merkt N-15 í matsskýrslu). Áætlað flatarmál efnistöku er 8.000 m<sup>2</sup>, áætlað rúmmál 25.000 m<sup>3</sup>. Ný náma, jökulhjallar.

#### Í Reykjadal / Laxárdal og á Hólсандi

**E-64: Narfastaðafjall** (merkt N-16 í matsskýrslu). Áætlað flatarmál efnistöku er 8.500 m<sup>2</sup>, áætlað rúmmál 25.000 m<sup>3</sup>. Ný náma, melur.

**E-65: Máskot** (merkt N-17 í matsskýrslu). Áætlað flatarmál efnistöku er 6.000 m<sup>2</sup>, áætlað rúmmál er 17.000 m<sup>3</sup>. Er í námuskra Vegagerðarinnar.

**E-66: Máskot** (merkt N-18 í matsskýrslu). Áætlað flatarmál efnistöku er 5.000 m<sup>2</sup>. Lokuð bergnáma, til vara. Er í námuskra Vegagerðarinnar.

**E-67: Norðan Mátvatns** (merkt N-30 í í matsskýrslu). Áætlað flatarmál efnistöku er 12.000 m<sup>2</sup>, áætlað rúmmál er 33.000 m<sup>3</sup>. Ný náma.

#### MÓTVÆGISADGERÐIR

##### Efnisnámur

Mótvægisáðgerðir vegna frágang efnistökusvæða, skulu vera í samræmi við matsskýrslu Landsnets og álits Skipulagsstofnunar og eru þær hluti þessara aðalskipulagsbreytingar. Framvæmdaraðili setur það sem skilyrði að eftir því sé farið. Lögð er rík áhersla á að tryggja að endurheimt raskaðra svæða verði í samræmi við gróðurfar og landslags á viðkomandi svæði. Endurnýta skal eins og kostur er svarðlag við frágang slóða og efnistökusvæða. Lagt er til að stofnuð verði eftirlitsnefnd, t.d. í samstarfi við Umhverfisstofnun um frágang framkvæmdasvæða til þess að tryggja að frágangur hæfi aðstæðum á hverju stað.

##### Vegslóðar og möstur

Mótvægisáðgerðir vegna **mastra** og **vegslóða**, skulu vera í samræmi við matsskýrslu Landsnets og álits Skipulagsstofnunar og eru þær hluti þessara aðalskipulagsbreytingar. Þar segir m.a. að möstrum verði valinn staður á gróðursnauðari stöðum og á votlendissvæðum verði reynt að hafa mastrastæði uppi á hryggjum til þess að draga úr áhrifum á votlendi. Þá skal lögð áhersla á að svarðlag verði varðveitt þannig að það skemmist ekki og það endurnýtt eins og kostur er við frágang slóða, mastra og efnistökusvæða.

##### Gróður og vistkerfi

Mótvægisáðgerðir vegna **endurheimt votlendis**, skulu vera í samræmi við matsskýrslu Landsnets og álits

Skipulagsstofnunar og eru þær **allar** hluti þessara aðalskipulagsbreytingar. Þar kemur m.a. fram að **Landsnet** muni endurheimta jafn stórt votlendi og tapast við framkvæmdina í samráði við *Umhverfisstofnun, viðkomandi sveitarfélög* á línuleiðinni og fagaðila. Skóglendi sem nauðsynlegt reynist að ryðja verði mælt áður en framkvæmdir hefjast og skógur græddur upp á jafnstóru svæði og tapast við framkvæmdir í samráði við *Skógræktina*. Endurheimt annars raskaðs lands verði unnið í samstarf við *Landgræðslu ríkisins* og miðað við að græða upp þrisvar sinnum stærra svæði en tapast af grónu þurrlendi og tvisvar sinnum stærra svæði en raskast af ógrónu þurrlendi.

##### Fornleifar

Í matsskýrslu Landsnets er gert grein fyrir ítarlegum mótvægisáðgerðum vegna **forhleifa** og eru þær **allar** hluti þessara aðalskipulagsbreytingar. Áður en sótt verði um framkvæmdaleyfi skal liggja fyrir fornleifakönnun á ókönnuðum hluta aðalvalkostar í Reykja- og Laxárdal ásamt umsögn Minjastofnunar Íslands. Óheimilt sé að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar liggja fyrir. Þegar framkvæmdum og frágangi er lokið verður ástand þeirra fornleifa sem taldar voru í hættu vegna framkvæmda kannað.

##### Vatnsverndarsvæði

Mótvægisáðgerðir vegna **vatnsverndarsvæða** skulu vera í samræmi við matsskýrslu Landsnets og álits Skipulagsstofnunar.

#### UMHVERFISMAT

##### MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í samræmi við 11. gr. laga og 26. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Landsnets sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt. Helstu áhrif af framkvæmdinni verða annars vegar á landslag og ásynd og hins vegar bein áhrif á náttúruna vegna uppbyggingar mastra, vegslóða og efnistökusvæða.

##### HEILDARNIÐURSTAÐA

Í matsskýrslu er lagt fram mat á áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar á tiltekna umhverfisþætti og lagðar til mótvægisáðgerðir. Stuðst er við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa, þar sem neikvæðasta vægiseinkunnin er *verulega neikvæð*, þá *talsvert neikvæð*, síðan *óveruleg áhrif*, *talsvert jákvæð áhrif* og *verulega jákvæð áhrif*. Í áliti Skipulagsstofnunar er vægiseinkunninni *nokkuð neikvæð áhrif* bætt við og er hún jafnframt notuð hér. Nokkuð neikvæð áhrif eiga við um staðbundin áhrif sem ná ekki yfir umfangsmikið svæði, áhrifasvæðið nýtur ekki verndar eða er á annan hátt viðkvæmt fyrir breytingum en áhrifin get varanleg og óafturkræf.

##### Gróður og vistgerðir

Lagning Hólсандslínu 3 mun skerða gróðurlendi og hafa bein neikvæð áhrif á gróðurfar vegna umfangs framkvæmdarinnar. Á Fljótshéiði og Laxárdalsheiði gætu áhrif byggingar Hólсандslínu 3 á gróður orðið hvað mest og varanlegust. Þar er að hluta um að ræða vistgerðir með mjög hátt verndargildi og því mun framkvæmdin hafa *veruleg neikvæð áhrif* á votlendi á þessum svæðum, þótt áhrif framkvæmdarinnar í heild á gróður geti talist *talsvert neikvæð*.

##### Fuglar

Fuglalíf á fyrirhugaðri leið Hólсандslínu 3 er fjölbreytt og mjög mismunandi eftir svæðum. Helstu langtímaáhrif framkvæmdanna á fuglastofna eru vegna áflugs á línur og skerðingar á búsvæðum vegna mastrastæða, jarðstrengslagna og vinnslóða. Þá geta fuglar orðið fyrir ónæði á framkvæmdatíma, sérstaklega ef framkvæmt er á viðkvæmum varp- eða uppeldistíma. Í heild sinni mun Hólсандslína hafa *talsvert neikvæð áhrif* á fugla, en að áhrifin kunni að vera *verulega neikvæð* í Laxárdal ef loftlína verður lögð yfir dalinn.

##### Vatnalíf

Áhrif Hólсандslínu 3 á vatnalíf eru metin *óverulega neikvæð* í Fnjóskadal og Bárðardal, en annars staðar eru *engin áhrif* á vatnalíf.

##### Jarðmyndanir

Öll jarðvinna, þ.e. lagning vinnslóðar, gröftur fyrir undirstöðum mastra, lagning jarðstrengja og efnistaka hafi bein áhrif á jarðmyndanir.

Neikvæðustu áhrif Hólсандslínu 3 eru á setmyndanir í Fnjóskadal og á nútímahraun í Bárðardal og Laxárdal. Nútímahraun njóta verndar á grundvelli 61. gr. laga um náttúruvernd. Áhrif Hólсандslínu á jarðmyndanir eru talin *nokkuð neikvæð* þó svo að í Fnjóskadal og Laxárdal sé um að ræða sjónræn áhrif sem eru endurkræf. Bein neikvæð áhrif á jarðmyndanir með hátt verndargildi eru á Bárðardalshraun þar sem möstur og vegslóð verða í hrauninu. Þess ber þó að geta að þar verður ný háspennulína samhliða núverandi Kröflulínu og því eru neikvæð áhrif línulagnar að einhverju leyti komin fram í Bárðardal. Á öðrum svæðum er ekki um að ræða neikvæð áhrif á jarðminjar með hátt verndargildi og því um *óveruleg neikvæð áhrif* á aðrar jarðminjar á línuleiðinni.

##### Landslag og ásyndir

Ljóst er að Hólсандslína 3 kemur til með að breyta ásynd og landslagi á stóru svæði en þessar breytingar verða mismiklar svæðum. Áhrif af lagningu línunnar á landslag og ásynd á tiltekin svæði verða allt frá því að vera *óverulega neikvæð* til þess að verða *verulega neikvæð*. Ljóst er að ráðast þarf í umfangsmikla *vegagerð* vegna Hólсандslínu 3. Þótt að neikvæð áhrif slóðanna verði ekki sambærileg við þau neikvæðu áhrif sem loftlína kemur til með að hafa á ásynd og

landslag verði áhrif svo umfangsmikillar vegagerðar á óröskuðum svæðum óhjákvæmilega *talsvert neikvæð*. Áhrif *efnistöku* verður *talsvert neikvæð* á ásynd og landslag þegar á heildina er litið og þá einkum á framkvæmdatíma. Áhrif af efnistökkunni verða þó mismikil eftir staðsetningu og nauðsynlegt er að ekki verði efnistaka á viðkvæmum svæðum með tilliti til ásyndar og landslags.

##### Útivist og ferðamennska

Áhrif fyrirhugaðrar lagningar Hólсандslínu 3 á ferðaþjónustu og útivist eru nátengd áhrifum framkvæmdarinnar á landslag og ásynd. Háspennulínur eru mikil mannvirki og áhrif þeirra á landslag, ferðaþjónusta og útivist mismikil eftir þeim svæðum sem línán kemur til með að fara um. Áhrif á útivist og ferðamennsku í Fnjóskadal er metin *talsvert neikvæð*, í Bárðardal og Reykjadal verði *nokkuð neikvæð* og *talsvert neikvæð* áhrif á útivist og ferðamennsku í Laxárdal.

##### Fornleifar

Áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar felast fyrst og fremst í beinu raski vegna framkvæmda. Hætta á raski geti helst orðið í mastrastæðum, við jarðstrengsskurði, slóðagerð og á efnistökkustöðum. Metið er að neikvæð áhrif Hólсандslínu verði ekki veruleg, ef fylgt verði áformuðum mótvægisáðgerða og ábendingum Minjastofnunar Íslands. Engu að síður mun Hólсандslína hafa *nokkuð neikvæð áhrif* á fornminjar þar sem heildarmynd fornra varðaðra leiða verður raskað þó að flestar vörður sleppi við rask. Þá er óvissa um niðurstöðu fornleifakönnunar á ákv. efnistökusvæðum.

##### Náttúruverndarsvæði

Áhrif Hólсандslínu 3 á einstaka verndarsvæði eru frá því að vera *óveruleg* og upp í að vera *talsvert neikvæð*. Loftlínukostir fela í sér minni áhrif á verndargildi svæðisins en jarðstrengskostir þar sem loftlínur fela ekki í sér beint rask á verndarsvæðinu. Aftur á móti hafa loftlínukostir áhrif á fuglalíf og landslag og þar af leiðandi á upplifun fólks af svæðinu. Þó að áhrif á einstaka verndarsvæði verði í mörgum tilvikum staðbundin og óveruleg til lengri tíma þá fer Hólсандslína um fjölmörg verndarsvæði og áhrif allrar framkvæmdarinnar eru því víðtæk. Samanlögð heildaráhrif framkvæmdar á verndarsvæði verða því *talsvert neikvæð*.

##### Vatnsvernd og neysluvatn

Áhrif Hólсандslínu 3 á vatnsvernd eru metin *óveruleg* ef fylgt verði áformuðum mótvægisáðgerðum Landsnets. Ekkert í reglubundinni starfsemi við að reisa eða reka háspennulínur hefur í för með sér losun í vatn eða jarðveg. Aðalhattan felst fyrst og fremst í því að óhapp geti orðið á meðan framkvæmdir standa yfir. Brýnt að framkvæmdaleyfi á þeim svæðum þar sem verður unnið innan vatnsverndarsvæða verði bundið skilyrðum um þau atriði sem Landsnet boðar sem mótvægisáðgerðir í matsskýrslu.